

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Grænbók um fjárveitingar til háskóla var birt 13. janúar 2020 í samráðsgátt stjórnvalda. Í grænbókinni er gerð grein fyrir núverandi fjárveitingakerfi, valmöguleikum við hönnun á nýju kerfi og settar fram lykilspurningar til að efla umræðu um stefnu um háskóla og hvaða fyrirkomulag fjárveitinga styðji best við innleiðingu á slíkri stefnu. Í grænbókinni er einnig fjallað um hlutverk háskóla og núverandi stefnu í fjárveitingum til þeirra, stöðu háskólakerfisins og háskólamenntunar. Farið er yfir mögulegar aðferðir við skiptingu fjár til háskóla og dæmi tekin frá samanburðarríkjum um útfærslu á fjárveitingum.

Í kjölfar samráðs var settur á fót starfshópur um skilvirkni og gæði í háskólum sem ætlað var að vinna úr Grænbókinni með tilliti til umsagna sem bárust í samráði. Starfshópurinn er enn að störfum og er honum ætlað að leggja fram tillögur, að höfðu víðtæku samráði, að því hvernig fjárveitingar stjórnvalda til háskóla geti sem best stutt við langtíma markmið um gæði og árangur í rannsóknum og kennslu og öflug tengsl háskóla við samfélag. Starfshópurinn vinnur að tillögum til mennta- og menningarmálaráðherra um nýtt reiknilíkan háskóla og stefnu í málefnum háskola, með hliðsjón af upplýsingum í grænbókinni, umsögnum sem um hana berast, og í víðtæku samráði við hagsmunaaðila háskólastigssins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið heldur áfram sinni vinnu við endurskoðun reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla með það að markmiði að styðja enn betur við gæði í háskólastarfi og tryggja að háskólar verði vel í stakk búinir til sinna því miðlæga hlutverki sem þeir hafa á tímum tæknibreytinga og hnattrænna áskorana.